

# Sóttkví í orlofi

**Texti:** Harpa Júlía Sævarsdóttir

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) telur það skýrt að hjúkrunarfræðingar eiga ekki að nota orlofsdaga þá daga sem þeir eru í sóttkví. Dæmi eru um að ríkisstofnanir hafi túlkað það þannig að umræddur tími í sóttkví teljist til orlofs, óháð því hvort viðkomandi hafi tilkynnt sóttkví eður ei. Fíh og önnur heildarsamtök og stéttarfélag opinberra starfsmanna hafa óskað eftir því að stjórnvöld tryggji að starfsfólk ríkisstofnana þurfi ekki að nota orlofsdaga þurfi það að fara í sóttkví í orlofi sínu. Fíh, ASÍ, BSRB, BHM, KÍ og LÍ hafa sent sameiginlegt erindi á kjara- og mannauðssýslu ríkisins vegna réttarstöðu starfsfólks sem gert er að sæta sóttkví í orlofi sínu.

Fíh og önnur heildarsamtök og stéttarfélag opinberra starfsmanna hafa óskað eftir því að stjórnvöld tryggji að starfsfólk ríkisstofnana þurfi ekki að nota orlofsdaga þurfi það að fara í sóttkví í orlofi sínu.

Harpa Júlía Sævarsdóttir,  
sérfræðingur í kjaramálum

**Í sameiginlegu bréfi Fíh, heildarsamtaka og stéttarféлага til Kjara- og mannauðssýslu ríkisins er bent á að borið hafi á því að ríkisstofnanir neiti að breyta orlofsskráningu starfsfólks hafi það þurft að sæta sóttkví að fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda, meðan á sumarorlofi stendur.** Rökstuðningur stofnana fyrir því er að farið sé eftir svörum Kjara- og mannauðssýslu ríkisins. Undir bréfið ritaði forsvarsfólk Fíh, Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Kennarasambands Íslands, BSRB og Læknafélags Íslands.

„Finna má fjölmörg dæmi þar sem ríkisstofnanir hafa svarað starfsfólki sínu þannig að umræddur tími í sóttkví teljist til orlofs, óháð því hvort viðkomandi hafi tilkynnt um sóttkví eður ei, líkt og ber að gera vegna veikinda í orlofi. Þessari túlkun erum við ósammála og teljum að við þessar aðstæður eigi

starfsfólk rétt á því að fresta orlofstöku sinni og ljúka henni í samráði við vinnuveitanda eins fljótt og hægt er eftir að sóttkví lýkur,“ segir meðal annars í bréfinu.

Í bréfinu er óskað eftir því að Kjara- og mannauðssýsla ríkisins endurskoði afstöðu sína og upplýsi ríkisstofnanir um þá breytingu, enda samræmist núverandi túlkun hvorki lögum né ákvæðum kjarasamninga.

**Það er mat Fíh og annarra samtaka launafólks að sóttkví í orlofi megi jafna við veikindi í orlofi.** Þar er skýrt að veikist starfsfólk í orlofi telst sá tími sem það er veikt ekki til orlofs. Þá er bent á að niðurstaða Kjara- og mannauðssýslu ríkisins samræmist ekki markmiðum laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga í sóttkví. Með því að halda orlofsskráningu til streitu sé komið í veg fyrir að starfsfólkið geti sótt um greiðslu launa í sóttkví.

Óskað er eftir formlegri afstöðu og viðbrögðum Kjara- og mannauðssýslu ríkisins til málsins. Félagin vilja reyna að ná farsælli niðurstöðu sem fyrst.

**„Þess skal getið að mál sem þessi eru í síauknum mæli að valda starfsfólki sem og stéttarfélögum erfiðleikum vegna óskýrra skilaboða sem og síbreytilegra reglna ríkisstofnana og því nauðsynlegt að bregðast við sem fyrst,“** segir í bréfi heildarsamtakanna og verkalýðsfélaganna. Þar segir jafnframt að náist ekki farsæl niðurstaða í þessu máli geti reynst nauðsynlegt að fá úr því skorið fyrir dómstólum.

*Bréf Fíh og annarra samtaka launafólks til Kjara- og mannauðssýslu ríkisins má finna í frétt á hjukrun.is*